

## Malis (S-26) málningarkerfi fyrir útveggi.

**Malis (S-26)** málningarkerfið er framleitt af **Útimálningu ehf.** Um er að ræða efnabætta akrýlmálningu, þ.e. málningu með vatnsgrunni sem er auðveld í notkun og við þrif á áhöldum þarf einungis að nota hreint vatn. **Malis (S-26)** málningarkerfið er sannkallaður veðurhjúpur og samanstendur af þremur efnum:

### 1. Malis (S-26) Bindigrunnur. (StabilisingPrimer)

Er grunnur sem borinn er á beran steininn/múr eða timbur ef verið er að mála í fyrsta sinn. Þess skal gætt að nýr steinn/múr hafi veðrast vel. Ef ekki, er afar áriðandi að hreinsa vel af alla sementefju með hreinsiefnum eða þvotti og skola vel.

Ef mála á yfir eldri málningu er nauðsynlegt þrífa af alla lausa málningu með þrýstipvotti eða á annan fulnægjandi hátt. Í sumum tilvikum nægir að bursta með vírbursta lausa málningu af. Flöturinn þarf að vera vel hreinn og laus við ryk eða óhreini og vera þurr. Grunnurinn smýgur í gegnum veðraða málningu sem fyrir er, festir hana enn betur og skapar bindingu fyrir málninguna sem yfir kemur. Til að hámarka langtímaendingu skal nota grunninn á áður málaða fleti.

**BINDIGRUNNUR** er þannig góð trygging sem binding fyrir hvaða akrýlmálningu sem er og má auk þess nota sem grunn á timbur undir S-26 kerfið. Efnið verður glært/litlaust þegar það þornar.

Efnisnotkun: 1 ltr. þekur ca. 8 fermetra.

### 2. Malis (S-26) Þéttihúð. (Storm Seal HD)

Efnið er notað sem næsta lag yfir grunninn. Erlendis er þetta efni ekki flokkað sem málning heldur sem mastic, þ.e. þekjuefni. Þetta er mjög sérstök vörn með mögnuðum eiginleikum. Í fyrsta lagi þá bindur efnið sig mjög vel við grunninn þannig að engin hætta er á flögnun. Í öðru lagi hefur það mjög mikla teygju, þolir að strekkjast 7-falt og því augljóslega kjörið til þess að loka og hreyfast með minniháttar sprungum. Það andar nógu mikið til að hleypa út raka en er að sama skapi vatnshelt. Þetta byggir raunar á einfaldri eðlisfræði, því raki sem leitar út er í formi gufu, og stærð gufumólíkúla er mun minni en vatns. Reynslan sýnir að **ÞÉTTIHÚÐIN**, ef notuð með **BINDIGRUNNI** ræður vel við vandamál þar sem hefðbundin málning gagnast ekki svo sem á sprungna áveðursveggi, en þá eru málaðar fleiri umferðir yfir sprungusvæðin. **ÞÉTTIHÚÐIN** er einnig notuð á lárétta, steypa fleti/þök þegar þörf er á öruggri vatnsvörn. Ennfremur er efnið mjög gagnlegt á vatnsbretti og sem hattur á veggi. Fáanlegt í 2 grunnlitum.

Efnisnotkun: 1 ltr. þekur ca. 4 fermetra.

### 3. Malis (S-26) Veðurkápa. (Wall Seal)

Að lokum kemur síðan **VEÐURKÁPA** sem hægt er að blanda í hefðbundnum litum. Hún er ekki eins teygjanleg og **ÞÉTTIHÚÐIN** en áferðin verður sléttari og því hrindir hún óhreindum vel af sér. Þar sem **VEÐURKÁPAN** er að grunni til akrýlmálning þá er ekkert því til fyrirstöðu að mála yfir **ÞÉTTIHÚÐINA** með venjulegri akrýlmálningu, einungis verður að gæta þess að sú málning sem notuð er hafi góða teygju jafnvel þótt þótt minni sé en hjá **VEÐURKÁPU** því annars er hætt við að hún spryngi við samdrátt og hitaþenslur. Þessa málningu er hægt að lita samkvæmt öllum venjulegum litakortum.

Efnisnotkun: 1 ltr. þekur 7-8 fermetra.

## Önnur efni framleidd af **Útimálningu ehf.**

**Malis (S-26) Þakmálning. Akrylbundin málning.** Fáanleg í hvítum, rauðum, gráum, og svörtum litum. Hægt að laga í fleiri litum.

**Malis (S-26) Teflon viðarmálning.** Teflon bundin akrylmálning með góðum gljúa ca 50%. Hentar vel á glugga og þakkanta. Má einnig nota á járn og stein. Lagað í öllum litum.

**Malis (S-26) Svala- og gólfmálning.** Fáanleg í gráum, brúnum og grænum tónum.

**Malis (S-26) Ryðvarnargrunnur.** Grunnur fyrir járn undir alla málningu. Litir: Rautt og grænt.

**Mali (S-26) Sprungufyllir** sem er mjög gott þéttiefni í sprungur. Mjög auvelt í notkun. Fínni sprungur er mjög gott að pensla einfaldlega með **Leka- og veðurvörn.**

**Malis (S-26) Steinvörn** er notað til að gera múr og steypu algjörlega veður- og vatnshelda. Þetta er hvorki silicon né silan og vegna einstakra eiginleika er hægt að nota það þar sem flest glær varnarefni verða ekki notuð. Í fyrsta lagi er **Steinvörn** algjörlega vatnshelt, en ekki eingöngu vatnsþolið. **Steinvörn** er meðal annars notað til þess að verja og fegra ómálaðar byggingar, stimplasteypu, útihurðapalla, tröppur, steinhellur, garðlaugar, o.þ.h.

**Malis (S-26) Steinþéttir** er algjör nýjung. Þetta er þunnt, glært og seigfljótandi efni, svipað sýrópi. Einkum notað til að þétta flísalagðar svalir. Efnið er nógu þunnfljótandi til þess að smjúga niður í fínar sprungur og þétta þær fljótt og örugglega. Ennfremur mjög gott til þess að þétta með niðurföllum á svölum.

**Malis (S-26) Götumálning** er þynnibundin málning ætluð til málningar á götumerkingum, bílastæðum, kantsteinum ofl. Fáanleg í hvítu, gulu og bláum lit. Mjög fljót að þorna. Endingargóð.

**Save it** er sannkallað undraefni. Ef verið er að mála utandyra með málningu úr **S-26** kerfinu og skyndilega er von á rigningu, þá nægir að úða efninu á blauta málninguna og rigningin hripar af, án þess að skola burtu málningunni. **Save it** hindrar á engan hátt viðloðun ef málað er yfir efnið.

**Öll ofangreind efni eru með leysiefnum og því þarf að þrifa áhöld með þar til gerðum þynnum, nema Þakmálningin og Teflon málningin er vatnsblönduð.**

Bæði **Veðurkápa** og **Þéttihúð** hafa gífurlegt þol gagnvart skaðsemi útfjólublárra geisla í sólarljósinu, en þeir eru helsta orsök þess að málning veðrast/upplitast. Ef framkvæmd er flýtiprófun á máningu í rannsóknarstofu, þá er algengt að venjuleg málning fari að flagna, springa eða veðrast að ráði eftir 400 klst. Prófun á Leka- og veðurvörn var hætt eftir 8000 klst. Þegar sýnt þótti að skaðsemi af völdum útfjólublás ljóss var hverfandi. 30 ára reynsla í sterkri Afríku sól hefur síðan staðfest að kerfið stendst veðrun af völdum sólar og regns jafn lengi.